

INNLEIÐINGARÁÆTLUN KYNJAÐRAR HAGSTJÓRNAR OG FJÁRLAGAGERÐAR

2015-2019



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

19. júní 2015

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Verkefni hvetja ráðuneytin til dáða.....	4
Kyngreind gögn skerpa skilninginn.....	5
Jafnréttismat á frumvörpum bætir ákvarðanatöku	6
Kynjaáhrif fjárlagatillagna vegin og metin – peningar eru hreyfiaflið	7
Samstarf gerir sóknina markvissari.....	8
Fræðsla og kynningarmál færa okkur þekkingu	9

Inngangur

Innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar (KHF) hér á landi hófst árið 2009. Leiðarljós innleiðingarinnar er að með kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð haldist réttlæti og sanngirni í hendur við efnahagslega velferð. Með því er undirstrikað að þörfin fyrir KHF er af tvennum toga. Þar eru annars vegar réttlætissjónarmið sem snúa að því að skapa réttlátt og sanngjarnt samfélag þar sem kynjajafnrétti ríkir og hins vegar nytjasjónarmið um að jafnrétti fylgi efnahagslegur ávinningur á meðan misrétti er samfélögum dýrkeypt.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að ávinningurinn af KHF felist aðallega í fjórum þáttum. Í fyrsta lagi er stuðlað að jafnrétti með notkun aðferðafræðinnar. Í öðru lagi verða til mikilvægar upplýsingar með því að greina kynjaáhrif sem stuðli að upplýstari ákvarðanatöku. Í þriðja lagi leiðir KHF til betri nýtingar opinberra fjármuna, enda hefur reynslan sýnt að upplýstari ákvarðanatöku leiði til betri nýtingar á opinberu fé. Í fjórða lagi fylgir KHF betri efnahagsstjórn þar sem ákvarðanir hins opinbera hafa áhrif á val og kosti einstaklinga, s.s. búsetu, atvinnuþátttöku, fæðingartíðni og ótal margt fleira.

KHF er fyrst og fremst aðferðafræði sem hægt er að nota til að stuðla að auknu jafnrétti og bættri nýtingu fjármuna. Eins og með öll önnur tæki byggist árangurinn á því hvernig tækið er notað og þekkingu og færni þeirra sem það nýta. Í þessari áætlun er því lögð áhersla á fræðslu enda markmiðið að halda áfram að byggja upp færni í notkun KHF í gegnum margvíslega verkefnavinnu. Stuðningur frá stjórnvöldum, stjórnendum sem og öðrum hagsmunaaðilum getur átt stóran þátt í þeim árangri sem næst.

Áætlunin er unnin af verkefnisstjórn um innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar og verkefnisstýru innleiðingar. Verkefnisstjórninni er stýrt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og í henni sitja fulltrúar frá öllum ráðuneytum og Jafnréttisstofu. Áætlunin verður endurskoðuð í janúar ár hvert. Við endurmat verður stuðst við árlega framvinduskýrslu frá verkefnisstýru innleiðingar þar sem fram kemur hvernig innleiðingu miðar áfram út frá þeim mælikvörðum sem tilgreindir eru í þessari áætlun. Þá er skoðað hvort grípa þurfi til aðgerða til að tryggja framgang áætlunarinnar ásamt því að meta hvort breyta þurfi aðgerðum og mælikvörðum.

Verkefnisstjórnun er nýtt sem umgjörð fyrir áætlunina. Í samræmi við það er skilgreindur eigandi fyrir verkefni, stýrihópur og ábyrgðaraðilar. Ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins er eigandi innleiðingaráætlunarinnar í heild. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðuneytisstjórar fagráðuneyta séu eigendur innleiðingar kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í þeirra ráðuneytum. Ábyrgðaraðilar eru skilgreindir fyrir hvern lið fyrir sig í innleiðingaráætluninni. Verkefnisstjórn um innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar hefur heildarumsjón með innleiðingu, framvindu og eftirliti með framkvæmd.

Verkefni hvetja ráðuneytin til dáða

Meginmarkmið: Auka þekkingu á kynjaáhrifum fjárlaga og skapa grundvöll til að endurmeta stefnumið við öflun og ráðstöfun opinbers fjár ásamt því að þjálfa fólk í aðferðum KHF.

Frá því að innleiðing KHF hófst árið 2009 hafa verið unnin samtals 27 verkefni af ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Á árunum 2010-2011 voru unnin 17 tilraunaverkefni og á árunum 2011-2014 voru unnin tíu meginmálaflokksverkefni sem voru til þriggja ára hvert. Reynslan af þessum verkefnum sýnir að með þeim skapast verðmæt þekking á mörgum stöðum í stjórnkerfinu á kynjaáhrifum fjárlaga og að sama skapi grundvöllur til að endurmeta stefnumið og öflun og ráðstöfun opinbers fjár þar sem þess er þörf. Þá eru verkefni árangursrík leið til að þjálfa fólk í aðferðum KHF. Verkefnisstjórn telur því að á næstu fimm árum innleiðingar sé hagkvæmt að halda áfram verkefnavinnu. Í þessari áætlun er lagt til að hvert og eitt ráðuneyti vinni a.m.k. eitt skilgreint verkefni á ári. Valið verður sameiginlegt jafnréttismarkmið fyrir verkefni á hverju ári. Miðað er við að verkefni verði unnin í styttri lotum en tíðkast hefur.

Verkefnisstjórnin leggur til að á árinu 2015 verði sameiginlegt jafnréttismarkmið ráðuneytanna að bæta framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum. Þá er lagt til að á árinu 2016 verði sameiginlegt jafnréttismarkmið ráðuneytanna að stuðla að jafnrétti með beinum aðgerðum, þ.e. að hvert og eitt ráðuneyti velji málaflokk þar sem vitað er að úrbóta er þörf og vinni verkefni sem snúi að aðgerðum til að stuðla að auknu jafnrétti innan viðkomandi málaflokks. Sameiginleg jafnréttismarkmið fyrir árin 2017-2019 verða útfærð nánar við árlega endurskoðun þessarar áætlunar og munu þau taka mið af reynslu fyrri verkefna.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Bætt framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum.	<ul style="list-style-type: none"> 2015: Öll ráðuneyti vinna verkefni á sviði kyngreindra gagna. Sameiginlegt jafnréttismarkmið er að auka aðgengi að kyngreindum gögnum. Hvert ráðuneyti skilgreinir nánari markmið fyrir sitt verkefni. Verkefni verða kynnt í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016. 	<p>Fjöldi verkefna sem er lokið á hverju ári.</p> <p>Hversu aðgengileg kyngreind gögn eru þeim hópum sem skilgreindir verða í verkefnislýsingum verkefnanna.</p>	Verkefnisstýra innleiðingar KHF. Auk þess verður skilgreindur ábyrgðaaðili í hverju ráðuneyti fyrir hvert og eitt verkefni.
Draga úr misrétti. Skilgreint nánar fyrir hvert verkefni þegar þau liggja fyrir.	<ul style="list-style-type: none"> 2016: Öll ráðuneyti vinna verkefni þar sem notuð verður aðferðin <i>aðgerðamiðuð verkefni</i>, þ.e. valið verður verkefni á sviði þar sem vitað er að jafnrétti er ábótavant og útlistaðar verða aðgerðir til að ráða bót þar á. 	<p>Jafnréttismarkmið sem náð er og skilgreint verður í hverju verkefni.</p> <p>Skilgreindir mælikvarðar í verkefnum til að fylgjast með framvindu.</p> <p>Fjöldi verkefna sem er lokið á hverju ári.</p>	Verkefnisstýra innleiðingar KHF. Auk þess verður skilgreindur ábyrgðaaðili í hverju ráðuneyti fyrir hvert og eitt verkefni.
Stuðla að jafnrétti á þeim sviðum sem valin verða. Skilgreint nánar fyrir hvert verkefni þegar þau liggja fyrir.	<ul style="list-style-type: none"> 2016-2019: Sameiginleg jafnréttismarkmið verða valin af verkefnisstjórn við endurskoðun áætlunarinnar fyrir árið 2016-2017. 	Skilgreindir mælikvarðar til að fylgjast með framvindu.	Verkefnisstjórn innleiðingar KHF.

Kyngreind gögn skerpa skilninginn

Meginmarkmið: Auka framboð, aðgengi og miðlun kyngreindra gagna og skapa þannig grundvöll fyrir upplýstari ákvarðanatöku og miðlun upplýsinga sem hægt er að nýta til að kortleggja stöðu kynjanna og grípa til aðgerða þar sem þess er þörf.

Aðgengi að kyngreindum gögnum er ein af lykilforsendum árangursríkrar innleiðingar KHF. Í lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir í 16. gr.: „Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.“ Vitað er að töluvert skortir á að kyngreindum upplýsingum sé safnað og þær birtar. Því er eitt af markmiðum með KHF að leggja grunn að upplýstari ákvarðanatöku og eru kyngreind gögn meginforsendan fyrir því að slíkt sé mögulegt. Ítarlegri greining á gögnum getur síðan skorið úr um hvort misjöfn staða kynjanna eigi sér eðlilegar skýringar eða ekki.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Bætt framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum. Samanburðarhæf gögn svo hægt sé að skoða þróun á milli ára og yfir tímabil.	<ul style="list-style-type: none"> 2015: Öll ráðuneyti vinna eitt verkefni sem hefur að markmiði að auka aðgengi að kyngreindum gögnum. 	Verkefnum lokið hjá öllum ráðuneytum. Fjöldi málaflokka þar sem framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum eykst/verður til.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF. Auk þess verður skilgreindur ábyrgðaaðili í hverju ráðuneyti.
	<ul style="list-style-type: none"> Hvatt til söfnunar á kyngreindum upplýsingum með því að senda bréf árlega til allra stofnana ríkisins. 	Fjöldi útsendra bréfa.	Skrifstofustjórar fjármálaskrifstofa ráðuneyta.
	<ul style="list-style-type: none"> Gögn gerð aðgengileg, s.s. á heimsíðum ráðuneyta og stofnana og framsetning myndræn þar sem hægt er. 	Fjöldi málaflokka þar sem framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum eykst/verður til.	Skilgreindir ábyrgðaraðilar í hverju ráðuneyti.
Kyngreind gögn tengd við fjárlagagerð.	<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður verkefna og framvinda innleiðingar verður birt í frumvarpi til fjárlaga hvers árs. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Kyngreind gögn skráð með samræmdum hætti og tengd við fjárlaga-tillögur við undirbúning og gerð fjárlaga. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.

Jafnréttismat á frumvörpum bætir ákvarðanatöku

Meginmarkmið: Horft verður til kynjasjónarmiða við gerð lagafrumvarpa og þess gætt að misrétti verði hvorki aukið né því viðhaldið heldur stuðlað að jafnrétti.

Aðaláherslan í innleiðingu KHF á þeim fimm árum sem þessi áætlun nær til er að gera KHF hluta af ákvarðanatökuférlinu. Það þýðir að horfa verður til kynjasjónarmiða við ákvarðanatöku um öflun og ráðstöfun opinbers fjár. Frumvörp til laga hafa töluverð áhrif hvað þetta varðar.

Í handbók forsætisráðuneytis um gerð frumvarpa til laga er að finna kafla um hvernig skuli staðið að því að meta frumvörp m.t.t. kynjasjónarmiða, en slíkt er ekki gert nú. Miðað er við að þær leiðbeiningar varði leiðina að því að frumvörp til laga stuðli ekki að eða viðhaldi misrétti á milli kynjanna heldur stuðli að jafnrétti.

Ekki er gert ráð fyrir að gert verði jafnréttismat á öllum frumvörpum fyrst í stað. Er ástæðan sú að æskilegt er að forgangsraða verkefnum þannig að lögð verði áhersla á þau frumvörp sem ætla má að hafi mikil eða miðlungs áhrif á stöðu kynjanna. Verður þar höfð til hliðsjónar flokkun ráðuneytanna á fjárlagaliðum út frá því hvaða áhrif talið er að breytingar á fjárheimildum hafi á stöðu kynjanna. Einnig er vakin athygli á því að jafnréttismat á frumvörpum nær til fleiri þátta en þeirra sem hafa áhrif á öflun og ráðstöfun opinbers fjár og eru viðmið um þörf á flokkun að finna í handbók forsætisráðuneytisins.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Stuðla að jafnrétti í íslenskum lögum. Áhrif frumvarpa á stöðu kynjanna metin.	<ul style="list-style-type: none"> Námskeið haldin í Stjórnsýsluskóla stjórnarráðsins um hvernig á að gera jafnréttismat á frumvörpum. 	Fjöldi námskeiða um jafnréttismat á frumvörpum hjá Stjórnsýsluskólanum.	Skrifstofa löggjafarmála hjá forsætisráðuneytinu.
	<ul style="list-style-type: none"> Fræðsluhópur stofnaður. 	Fjöldi funda hjá fræðsluhópi.	Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta.
	<ul style="list-style-type: none"> Útbúnaðar verklagsreglur um hvernig jafnréttismat á frumvörpum tengist inn í kostnaðarmat frumvarpa og fjárlagatillögur. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Ráðuneyti framkvæma jafnréttismat á frumvörpum sem talin eru hafa miðlungs eða mikil áhrif á stöðu kynjanna og miðast fjöldi þeirra við skilgreinda mælikvarða, sbr. þá sem birtast hér til hliðar. 	Fjöldi frumvarpa sem er metinn. Fjöldi frumvarpa 2014: 0% Fjöldi frumvarpa 2015: 1-2 frv Fjöldi frumvarpa 2016: 10% Fjöldi frumvarpa 2017: 40% Fjöldi frumvarpa 2018: 70% Fjöldi frumvarpa 2019: 100%	Skilgreindur verður ábyrgðaraðili í hverju ráðuneyti.

Kynjaáhrif fjárlagatillagna vegin og metin – peningar eru hreyfiaflið

Meginmarkmið: Gera KHF að hluta af ákvarðanatöku og stuðla að upplýstum ákvörðunum þar sem fyrirfram er vitað hvaða áhrif ráðstöfun útgjalda hefur á stöðu kynja og jafnrétti.

Breytingar sem verða á útgjöldum fjárlaga á milli ára eru gerðar í gegnum fjárlagatillögur. Fjárlagatillögurnar fela í sér breytingar af ýmsum ástæðum, svo sem hagrænar breytingar sem verða vegna lýðfræðilegra þátta eins og fólksfjölgunar, hækkandi aldurs, o.s.frv. en einnig kerfislægar breytingar, t.d. ný útgjöld vegna lagasetningar eða nýrra verkefna. Greining á kynjaáhrifum fjárlagatillagna er því kjörin leið til að þess að gera KHF hluta af ákvarðanatöku og stuðla að upplýstum ákvörðunum þar sem fyrirfram er vitað hvaða áhrif samþykkt nýrra útgjalda hefur á stöðu kynjanna og jafnrétti.

Ekki er gert ráð fyrir að allar fjárlagatillögur séu greindar heldur séu fyrst og fremst skoðaðar tillögur þar sem talið er að kynjaáhrif séu mikil eða allnokkur og þar sem hægt er að stjórna útgjöldum. Hagrænar breytingar eru undanskildar kynjagreiningu, enda lúta þær að þáttum sem ekki er hægt að hafa áhrif á eins og fram kemur hér á undan. Þá er einnig miðað við að fyrir fjárlagatillögur sem tengjast lagasetningu sé aðgengi að upplýsingum um kynjaáhrif í jafnréttismati í frumvörpum. Gert er ráð fyrir að í fjárlagagerð fyrir árið 2016 verði gerðar tilraunir með kynjagreiningu og að smátt og smátt verði aukinn fjöldi tillagna greindur. Mælikvarðar á framvindu í töflunni hér á eftir miða við hlutfall af tillögum sem taldar eru hafa mikil eða miðlungs áhrif, þ.e. hlutfall af þeim tillögum sem ávinningur er af því að greina.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Ná fram réttlátari ráðstöfun á opinberu fé þar sem kynjaáhrif eru metin fyrirfram.	<ul style="list-style-type: none"> 2015: Við fjárlagagerð fyrir árið 2016 verður farið af stað með tilraunaverkefni með þátttöku allra ráðuneyta þar sem KHF verður notað á hluta þeirra fjárlagatillagna sem taldar eru hafa mikil áhrif á stöðu kynjanna. 	<p>Þátttaka ráðuneyta.</p> <p>Fjöldi verkefna.</p> <p>Hlutfall greindra fjárlagatillagna hjá hverju ráðuneyti sem taldar eru hafa miðlungs eða mikil áhrif á stöðu kynjanna:</p> <p>Fjöldi tillagna frv. 2015: 0% Fjöldi tillagna frv. 2016: 15% Fjöldi tillagna frv. 2017: 30% Fjöldi tillagna frv. 2018: 50% Fjöldi tillagna frv. 2019: 75% Fjöldi tillagna frv. 2020: 100%</p>	Verkefnisstýra innleiðingar KHF. Auk þess verður skilgreindur ábyrgðaaðili í hverju ráðuneyti.
	<ul style="list-style-type: none"> Fjárlagaliðir og viðföng flokkuð eftir því hvort greina þurfi kynjaáhrif ef breytingar verða á fjárlagaliðum. 	<p>Fjöldi flokkaðra liða:</p> <p>Árið 2014: 25% - lokið Árið 2015: 50% Árið 2016: 75% Árið 2017: 100%</p>	Verkefnisstýra innleiðingar KHF. Ábyrgðaaðili í hverju ráðuneyti.

Samstarf gerir sóknina markvissari

Meginmarkmið: Miðlun á þekkingu og góðu verklagi. Gott samstarf við hagsmunaaðila og samstarfsaðila til að tryggja þekkingarmiðlun, notkun og stuðning við KHF.

Í fyrri innleiðingarætlun KHF var lögð áhersla á gott samstarf við sveitarfélög sem nota eða fyrirhuga að nota KHF, háskólasamfélagið og ýmsa aðra hagsmunaaðila. Samstarfið hefur verið gjöfult og stuðlað að þekkingarmiðlun og tengslaneti milli aðila sem nýta KHF. Í þessari innleiðingarætlun er því áfram lögð mikil áhersla á gott samstarfi við ýmsa aðila utan stjórn-sýslunnar með það að markmiði að miðla þekkingu og góðu verklagi við KHF ásamt því að stuðla að áframhaldandi notkun, útbreiðslu og stuðning við KHF.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Miðla þekkingu og skapa nýjar aðferðir í KHF. Styðja við KHF og auka útbreiðslu aðferða-fræðinnar.	<ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélög: Sameiginlegur fræðslu-fundur haldinn árlega með Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum sem taka upp KHF. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Sveitarfélög: Gefið út sameiginlegt fréttabréf með Reykjavíkurborg um KHF tvisvar sinnum á ári. 	Fréttabréf gefið út tvisvar á ári.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Háskólasamfélagið: Gestafyrirlestrar um KHF, t.a.m. í námskeiðinu <i>Hagnýting jafnréttisfræða</i> við kynjafræði HÍ. 	Fjöldi gestafyrirlestra.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Háskólasamfélagið: Samstarf við kynjafræði HÍ vegna GARCIA verkefnis. 	Fjöldi funda og námskeiða.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Háskólasamfélagið: Samstarf vegna innleiðingar KHF hjá HÍ. 	Fjöldi funda og námskeiða.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Kvennahreyfingin: Árlegur fundur með kvennahreyfingunni um KHF. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.

Fræðsla og kynningarmál færa okkur þekkingu

Meginmarkmið: Starfsfólk ráðuneyta og stofnana þekkir aðferðir KHF og veit hvernig hægt er að nýta þær í starfi. Almennigur og hagsmunaaðilar getur nálgast upplýsingar á auðveldan og aðgengilegan hátt.

Fræðsla er nauðsynlegur þáttur í því að hægt sé að innleiða KHF á árangursríkan hátt. Eitt af markmiðum innleiðingaráætlunarinnar fyrir árin 2015-2019 er að í lok tímabilsins þekki starfsfólk ráðuneyta og stofnana aðferðir KHF og hafi byggt upp færni til að nýta þær í starfi. Til að mynda þarf að þjálfa starfsfólk í hvernig á að greina fjárlagatillögur með aðferðum KHF. Jafnframt er mikilvægt að almenningur og hagsmunaaðilar geti nálgast upplýsingar um KHF á auðveldan og aðgengilegan hátt. Markmiðum um fræðslu og kynningarmál skal ná með eftirfarandi aðgerðum.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarðar	Ábyrgð
Almenningur og hagsmunaaðilar geta nálgast upplýsingar um KHF með auðveldum hætti.	<ul style="list-style-type: none"> Glærुकyning um KHF útbúin og hún gerð aðgengileg á vefsíðu FJR. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar KHF.
	<ul style="list-style-type: none"> Fréttatilkynningar með upplýsingum um niðurstöður verkefna útbúna og ráðuneyti hvött til að kynna sín verkefni. 	Fjöldi tilkynninga og fréttar.	Verkefnisstýra og ábyrgðaraðila ráðuneyta.
	<ul style="list-style-type: none"> Kynningarblað með dæmum frá verkefnum og árangri af þeim útbúið. 	Kynningarblað með dæmum.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Tvær ráðstefnur um málefni KHF haldnar á gildistíma áætlunarinnar. 	Ráðstefnur haldnar.	Verkefnisstjórn innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Spurning set inn í spurningavagn í upphafi og við lok gildistíma áætlunarinnar þar sem spurt verður hversu mikilvæg fólki finnst KHF vera. 	Niðurstöður spurningakönnunar. Markmið um mikilvægi í lok tímabils verður ákvarðað út frá niðurstöðum í upphafi tímabils.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Kynningar á KHF auglýstar á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. 	Fjöldi kynninga.	Verkefnisstýra innleiðingar.
Starfsfólk ráðuneyta veit hvað KHF er og hvernig það getur nýtt hana í starfi.	<ul style="list-style-type: none"> Kynningar um KHF haldnar í öllum ráðuneytum annað hvert ár. 	Fjöldi kynninga.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Spurningakönnun um KHF lögð fyrir starfsfólk ráðuneyta. 	Niðurstöður spurningakönnunar.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Námskeið haldið í Stjórnsýsluskólanum þar sem KHF og verkefnisstjórnun verða kennd samhliða. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Árlegt námskeið fyrir starfsfólk fjármála- og rekstrarskrifstofa ráðuneyta um kynjagreiningu á fjárlagatillögum. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Kynning fyrir ráðuneytis- og skrifstofustjóra. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
Starfsfólk stofnana veit hvað KHF er og hvernig það getur nýtt hana í starfi.	<ul style="list-style-type: none"> Námskeið í KHF fyrir starfsfólk og stjórnendur stofnanna. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.
	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á KHF á fundi forstöðumanna ríkisstofnana. 	Já/nei.	Verkefnisstýra innleiðingar.



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli við Lindargötu | 101 Reykjavík | sími 545 9200 | www.fjarmalaraduneyti.is